

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Ágúst Bjarni Garðarsson formaður  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði.

Reykjavík, 24. janúar 2022.

**Efni:** Umsókn um stækkun lóðarinnar að Álhelli 1, Hafnarfirði.

Hringrás ehf. kt. 490195-2039 er eigandi að lóðinni Álhelli 1, Hafnarfirði og þeim fasteignum sem á lóðinni eru. Fyrirhugað er að flytja alla starfsemi félagsins á lóðina á síðari hluta þessa árs eða byrjun þess næsta. Núverandi lóð félagsins er 27.150 m<sup>2</sup> að stærð og óskað er eftir stækkun til norðurs, austurs og suðurs þannig að hún verði samtals 50.417 m<sup>2</sup>. Áform félagsins um flutning starfseminnar og hugmyndir um stækkun lóðar hafa verið kynnt bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði með óformlegum hætti.

Í byrjun árs 2021 voru félögin Hringrás ehf. og HP gámar ehf. sameinuð undir nafni Hringrásar. Starfsemi sameinaðs félags er fjölþætt eins og lýst er í meðfylgjandi kynningu sem unnin er af arkitektastofunni Batteríinu. Þessi mikla starfsemi kallar á stærra athafnasvæði en núverandi lóð. Þess má geta að samið hefur verið við erlendan vélaframleiðanda um smíði á tætara af fullkomnustu gerð til að tæta bílflök og annað brotajárn sem mun auka til muna endurvinnslu á brotajárni hér á landi.

Hringrás ehf. óskar hér með eftir stækkun á lóðinni Álhelli 1 í samræmi við meðfylgjandi fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu sem gerð var af Sigurði Einarssyni arkitekt hjá Batteríinu Arkiteknum og lögð fram á fundi Skipulags- og byggingarráðs þann 18. janúar 2022. Á þeim fundi var gerð eftirfarandi bókun:

**„18.2201455 – Álhella 1, fyrirspurn.** Sigurður Einarsson mætir til fundarins og kynnir hugmyndir að breytingum athafnasvæðis Hringrásar. Skipulags- og byggingarráð þakkar kynninguna.“

Það er von okkar að umsókn þessi hljóti jákvæða afgreiðslu þannig að unnt verði að hanna og skipuleggja fyrirhugaða starfsemi á allri lóðinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Hringrásar ehf.

Alexander G. Eðvardsson  
framkvæmdastjóri